Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1101
komudagur 1.3.2010

277. mál
(heildarlög)

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti
M i n n i s b l a ð

Valkostir skjals:

	Áskriftir:

Viðtakandi:	**Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi:	**Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning:	**03.02.2010**
Málsnúmer:	**EVR09100150**
Bréfalykill:	**6.1**

Efni: Kynning á frumvarpi til laga um þjónustuviðskipt á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins

Tilmæli ráðherra:

Texti:

Með frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins er verið að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar nr. 123/2006 um þjónustu á innri markaðnum.

Tillaga að þjónustutilskipun var fyrst lögð fram innan Evrópusambandsins í janúar 2004 og var markmið hennar að greiða fyrir og auka þjónustuviðskipti milli landa. Ástæðan var sú að þrátt fyrir ákvæði um innri markað voru ennþá töluverðar hindranir á frjálsu flæði þjónustu sem komu niður á bæði þjónustuveitendum og neytendum. Tillagan fékk mikla athygli og var afar pólitískt umdeild, sér í lagi vegna ákvæða um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt sem voru upphaflega hluti af tillögunni. Hin svokallaða „upprunalandsregla" var einnig afar umdeild og óttast var að hún fæli í sér félagsleg undirboð en samkvæmt henni giltu um þjónustuveitanda reglur þess lands þar sem hann var með staðfestu en ekki þar sem þjónustan var veitt. Í ljósi þeirrar miklu gagnrýni sem tillagan hlaut lagði framkvæmdarstjórnin fram nýja tillögu þar sem tekin voru út ákvæði um heilbrigðisþjónustu og vinnurétt og verulegar breytingar gerðar á upprunalandsreglunni, og var sú tillaga samþykkt í desember 2006.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um markmið og gildissvið og helstu hugtök skilgreind en markmið laganna er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um gildissvið þess. Þar segir að lögin gildi um alla þjónustu sem ekki er sérstaklega undanskil gildissviði þeirra og er gildissviðið því frekar víðtækt. Hins vegar eru stórir og mikilvægir þjónustugeirar undaskildir gildissviði frumvarpsins s.s. þjónusta í almannaþágu sem ekki er af efnislegum toga, fjármálaþjónusta, heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta.

Í 4. mgr. 2. gr. er einnig að finna upptalningu á atriðum er frumvarpið gildir ekki um, en þar er meðal annars tekið fram að það fjalli ekki um rétt stjórnvalda til að skilgreina, í samræmi við EES-reglur, hvað telst vera

Í 18. gr. er fjallað um að vátryggingar og skulu tryggingar eða ábyrgðir teknar hjá vátryggingarfélagi eða lánastofnun sem hefur starfleyfi á EES-svæðinu og heimild til að veita þjónustu hér á landi vera teknar gildar. Í 19. gr. er tekið fram að allsherjarbann við markaðssetningu þeirra lögvernduðu starfstétta sem falla undir gildissvið frumvarpsins sé óheimilt nema með vísan til brýnna almannahagsmuna. Í 20. gr. er síðan kveðið á um að þjónustuveitandi hafi rétt til að stunda þverfaglega starfsemi.

Í VI. kafla er fjallað um samvinnu á sviði stjórnvalda. Íslensk stjórnvöld skulu eiga samstarf við stjórnvöld annarra EES-ríkja um eftirlit með þjónustuveitendum og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að tryggja frjálst flæði þjónustu. Miðlun slíkra upplýsinga skal fara fram í gegnum sérstakt evrópskt upplýsingakerfi, Internal Market Information system. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um þessi samskipti.